

Reykjavík 22. febrúar 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum. (Samningar um heilbrigðisþjónustu). Þingskjal 4 – 4. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja ofangreinda tillögu til breytinga á lögum um sjúkratryggingar, til tryggingar því að Alþingi komi að ákvörðunum um forsendur samninga um heilbrigðisþjónustu.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu þarf að tryggja að allir landsmenn, þ.á.m. börn og efnaminni fjölskyldur, hafi jafnan aðgang að þjónustunni og að greiðsluþátttöku sjúklinga verði haldið í lágmarki. Undir þetta vilja Barnaheill taka.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn jafnan rétt á besta mögulega heilsufari og skulu aðildarríki tryggja að ekkert barn fari á mis við þann rétt sinn. Eðlilegt er að Alþingi geti hlutast til um að það sé gert með því að tryggja gæða heilbrigðisþjónustu fyrir öll börn.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri